



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA
NORÐURLAND VESTRA

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/1371
komudagur 24.3.2010

Hvammstanga 23. mars 2010

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt. 332 mál

Almennt um tillöguna.

Stjórn SSNV styður meginmarkið þingsályktunartillögu um sóknaráætlun. Á starfssvæði landshlutasamtaka sveitarfélaga er löng hefð fyrir samstarfi og því er skynsamlegt að miða við starfssvæði þeirra í viðamiklu verkefni sem þessu. Í umsögn um drög að byggðaaáætlun 2010-2013 benti SSNV á mikilvægi samþættingar áætlanagerðar hins opinbera og ber því að fagna áforum um samþætta áætlanagerð sem varða samfélagsgerð og búsetuskilyrði við áætlanir sem fjalla um innviði og grunngerð.

Svæðaskipting.


Stjórn SSNV styður þá svæðaskiptingu sem lagt er upp með og leggur áherslu á að endurskipulag opinberrar þjónustu taki mið af þeirri svæðaskiptingu í framhaldinu. Í texta er talað um að helstu styrkleikar Norðvestursvæðis séu m.a góð tenging við sterkan þjónustukjarna í Eyjafirði sem ætti að geta skapað sóknarfæri og samvinnu milli þessara tveggja svæða, t.d. í atvinnumálum. Þá er einnig talað um góða tengingu við Vestursvæðið og Suðvestursvæðið. **Þrátt fyrir það vill SSNV undirstrika mikilvægi þess að uppbygging og endurskiplagning opinberrar þjónustu fari fram innan Norðvestursvæðis til styrkingar búsetuskilyrðum á svæðinu.**

Fjármögnun verkefnisins 20/20 Sóknaráætlun fyrir Ísland

SSNV telur mikilvægt að áður en lagt er af stað í jafn viðamikið verkefni og sóknaráætlun skuli fara fram kostnaðarmat og ákveðið verði fyrirfram hvernig kostnaðarskiptingu skuli háttað. Í texta er gert ráð fyrir að „hagsmunaaðilar“ skuli standa straum af þeim kostnaði sem þátttaka þeirra leiðir af sér. Skilgreina þarf betur hverjir þessir hagsmunaaðilar eru og leita samráðs við þá um þátttöku í kostnaði. Nú þegar hefur SSNV staðið straum af útlögðum kostnaði vegna þjóðfundar á Norðurlandi vestra og mun óska eftir því að við ríkisvaldið að sá kostnaður verði endurgreiddur þar sem sá kostnaður er utan fjárhagsáætlunar. Áréttað er mikilvægi þess að fjármögnun og kostnaðarskipting liggi fyrir áður en lagt er upp því slík óvissa dregur úr áhuga aðila til þess að vinna að annars góðu verkefni.

Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við drögin að svo stöddu.

Virðingarfyllt


Jón Óskar Pétursson



Samtök sveitarfélaga
á Norðurlandi vestra
Kt. 541292-2419
Höfðabraut 6 · 530 Hvammstangi

Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri